

Reykjavík, 3. maí 2018
5.14

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem til umfjöllunar er í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, sbr. mál 467 á 148. löggjafarþingi. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur við frumvarpsdrögin en þær eru settar fram í nafni fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR er því verið að vísa til samstæðunnar í heild sinni og afstöðu hennar.¹

Endurskoðun umhverfismats – 11. gr. frumvarps

Það er almennt afstaða OR að gæta þurfi meðalhófs þegar innleiddar eru breytingar á borð við þær að stytta þann frest sem framkvæmdaraðilar hafa til að hefja framkvæmdir. Í frumvarpinu eru færð ágætis rök fyrir því að settir eru tímafrestir. Það er samt enn afstaða OR að sá tímafrestur sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé of stuttur. Ekki sé ráðlagt að taka svo stórt stökk við innleiðingu nýmæla af þessu tagi. Eðlilegra væri að gera þetta í skrefum og miða við þau tímamörk sem hagsmunaaðilar telja sig geta unað við, liggi þau fyrir. Hvetur því OR til þess að tillaga um tímamörk verði endurskoðuð og færð nær því sem nú er.

OR ítrekar að því styttri sem tímamörkin eru, því líklegra er að framkvæmdaraðilar komi til með að leggja fram nánast fullhönnuð gögn seint í matsferlinu. Það getur leitt til þess að mun minna svigrúm verði til breytinga á tilhögun framkvæmdar í kjölfar ábendinga frá sveitarstjórnnum, umsagnaraðilum og almenningi. Það væri mjög miður fyrir matsferlið og fyrir umhverfi og samfélag og stríðir gegn hagsmunum almennings af aðkomu að ferlinu á frumstigum þess.

Stjórnvaldssektir - 16. gr. frumvarpsins

Sem fyrr er það afstaða OR að það sé jákvætt að sett séu ákvæði um stjórnvaldssektir. Hins vegar telur OR það eðlilegt að endurskoða að gáleysi nægi til þess að beita megi viðurlögum. Of langt sé gengið án viðhlítandi raka og þar sem að um íþyngjandi nýmæli er að ræða, er það mat OR að miða eigi viðurlög við stórfellt gáleysi.

¹ Á síðastliðnum árum hefur Alþingi ætíð vakið sérstaka athygli OR á frumvörpum til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem til meðferðar hafa verið í þinginu. Það vekur hins vegar athygli OR að það sé ekki gert nú og er það mjög miður. Samstæða OR hefur mikilla hagsmuna að gæta á þessu sviði og hefur ætíð látið að sér kveða þegar frumvörp eru til meðferðar í þinginu. Kallar OR því eftir því að framvegis sendi þingið OR sem og öðrum hagsmunaaðilum umsagnarbeiðni.

Sambætting ferla og skýrslugerðar – 14. gr. sbr. 17. gr. frumvarpsins

Það eru viss vonbrigði að ekki sé gengið lengra í frumvarpinu en svo að einungis er heimilt að sambætta ferla en ekki beinlínis skylda. Afar brýnt er að einfalda stjórnslu, efla skilvirkni og draga úr tvíverknaði, m.a. fyrir framkvæmdaraðila og ekki síður fyrir stjórnvöld. Það verður ekki litið fram hjá því að af núverandi fyrirkomulagi leiðir að það er kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir framkvæmdaraðila að þurfa ítrekað að leggja fram sömu eða sambærileg gögn og áður. Hið sama á við um stjórnsluna og aðkomu stjórnvalda sem iðulega er yfirhlaðin verkefnum. Það er ekki síður mikilvægt á vettvangi stjórnslunnar að straumlínulaga ferla og einfalda afgreiðslu mála.

Það er brýnt að boðuð reglugerð feli í sér þá meginreglu að ferlar séu sambættir og sú reglugerð taki gildi sem allra fyrst.

Að öðru leyti en að framan greinir vísar OR til umsagnar sem send var umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 8. mars 2018.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir
lögfræðingur

Hólmfríður Sigurðardóttir

Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri

Afrit: Samorka